

Félagsráðgjafardeild  
Háskóli Íslands

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020

**Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. 151. löggjafarþing 2020-2021.**

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna ofangreindra frumvarpsdraga.

Það er mikið fagnaðarefni að tryggja eigi öllum börnum samþætta þjónustu með íslenski löggjöf eins og hér er stefnt að. Meðfylgjandi eru nokkrar athugasemdir við frumvarpsdrögin sem við vonum að reynist gagnlegar við lokavinnslu frumvarpsins.

*Almennar athugasemdir*

Það er mikilvægt að lögfesta rétt barna til stuðnings og ráðgjafar þegar þau upplifa missi og sorg t.d. vegna andláts foreldris eða systkinis eða vegna sambúðarslita eða skilnaðar foreldra. Þá er einnig mikilvægt að börn sem búa á heimilum sem glíma við vanda vegna félagslegra aðstæðna eða veikinda, þar með talið vímuefna- og áfengisvanda, foreldra eða fjölskyldumeðlima eigi rétt á sértækum stuðningi og ráðgjöf. Slíkur snemmtækur stuðningur er í raun forsenda farsældar barna, eins og rannsóknir á áhrifum áfalla í æsku sýna ítrekað.

*Athugasemdir við einstök ákvæði.*

Í 1. gr. er fjallað um markmið laganna og þar segir m.a. í 1. mgr. „Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.“

Að okkar mati er óþarfi að setja þann fyrirvara að þetta eigi eingöngu við um börn sem „á þurfi að halda“. Ólíklegt er að börn og foreldrar sem ekki telja sig hafa þörf fyrir þjónustu sæki hana og ef þau gera það er það í sjálfu sér ákall eftir aðstoð. Ef þjónusta er við hæfi þá er hún væntanlega án hindrana og því einnig óþarfi að ítreka það. Leggjum til að setningin

verði: „Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar hafi **ávallt** aðgang að samþættri þjónustu við hæfi.“

Í 4. gr. er fjallað um farsældarráð barna og skipun þess. Fagna ber því að tryggja eigi þátttöku barna í starfsemi ráðsins en velta má fyrir sér hvort ekki sé mikilvægt að hagsmunasamtök foreldra eigi einnig fulltrúa í ráðinu eða að þátttaka þeirra sé tryggð með sama hætti og barna.

Í 3. mgr. 13. gr. er kveðið á um að: „Þjónustuveitendum ber skylda til að fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar fyrir því [hér færi betur á að segja *greina vísbendingar um...*] að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim.“ Nú er það oft svo að það eru foreldrar/fjölskylda barns sem fyrst tekur eftir að þörfum er ekki mætt með fullnægjandi hætti og óska eftir stuðningi/þjónustu fyrir hönd barnsins. Í lögunum er ekki fjallað um hvert foreldrar geta leitað ef þeim finnst ekki burgðist við með viðeigandi hætti eða í samræmi við markmið laganna. Afar mikilvægt er að foreldra geti leitað með slík erindi til einhvers konar áfrýjunarnefndar eða réttindagæslufólks sem ber að tryggja að börn fái þjónustu og farsæld þeirra tryggð í samræmi við markmið laganna. Skv.21. gr. getur „foreldri getur beint kvörtun yfir niðurstöðu stuðningsteymis um að ljúka störfum án stuðningsáætlunar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála“, en ekki er kveðið á um að foreldri getir beint kvörtun með sama hætti til GEV vegna annara atriða er varða t.d. skort á þjónustu við barn.

Oft er það svo að sérfræðinga og foreldra greinir á um þarfir barna og því mikilvægt að þekkingu foreldra á þörfum barna sinna sé hér gefið nægjanlegt vægi. Í þessum sambandi má einnig benda á að í e-lið 18. greinar (sjá einnig 1. mgr. 20. gr.) er kveðið á um að meðal hlutverk tengiliða sé að „Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns að höfðu samráði við foreldra og/eða barn“ en ekki er kveðið með skýrum hætti um rétt barns né að foreldrar geti kallað eftir tilnefningu málstjóra (þó ætla megi að hann sé til staðar sbr. 1. mgr. 22. gr.).

Í gr. 2. er að finna skilgreiningar á hlutverkum málstjóra og tengiliðar „Tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns: Sá sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.“ Þá segir um tengilið í 17. grein „Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns“ og í greinargerð kemur fram að með viðeigandi þekkingu sé oft verið að vísa til þekkingar á fyrsta stigs þjónustu. Hér færi því betur á að tiltaka í sjálfri lagagreininni hvaða kröfur þarf að gera til þekkingar tengiliða og segja: *Tengiliður skal hafa þekkingu á fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.*

Um málstjóra segir í 2. gr „Málstjóri þjónustu í þágu farsældar barns: Sá sem leiðir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sem hefur þörf fyrir annars eða þriðja stigs þjónustu.“ Í 20. gr. segir einnig „Málstjóri skal hafa þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna.“ Í greinargerð segir um 20. gr.: „Áhersla er lögð á að þekking málstjóra á þjónustu í þágu farsældar barna þarf að vera yfirgripsmikil enda þarf málstjóri að hafa grundvöll til að veita ráðgjöf og leiða samþættingu farsældarþjónustu frá fyrsta til þriðja stigs.“ Hér færi því

betur á að kveða skýrt á um þetta og segja: *Málstjóri skal hafa þekkingu til að veita ráðgjöf og leiða samþættingu farsældarþjónustu frá fyrsta til þriðja stigs.*

Í greinargerð um 17. gr. segir um tengiliði „Almennt er gengið út frá því að hlutverki tengiliðar verði sinnt af starfsmönnum heilsugæslustöðvar, heilbrigðisstofnunar, leik-, grunn- eða framhaldsskóla samhliða öðrum verkefnum þeirra. Ákvæðið veitir þó jafnframt það svigrúm að tengiliður geti verið sérstakt starf. Fjölbreyttur hópur getur því tekið að sér hlutverk tengiliðar, t.d. hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar eða félagsráðgjafar á heilsugæslustöðvum eða heilbrigðisstofnunum, skólahjúkrunarfræðingar, skólafélagsráðgjafar, námsráðgjafar, umsjónarkennarar eða aðrir sérfræðingar innan skóla“. Hér vekur athygli að umsjónakennarar séu tilteknir sem sérfræðingar innan skóla, skv. grunnskólalögum 13. gr. eiga öll börn rétt á að vera með umsjónakennara en ekki eru gerðar sérstakar kröfur um menntun þeirra umfram kennaramenntun og flestir kennarar eru umsjónakennarar. Þá má benda má á að þegar fagstéttir eru taldar upp er eðlilegast að það sé gert í stafrófsröð nema sérstök ástæða sé til að hafa mikilvægisröð

Varðandi hlutverk málstjóra skv. 21. grein þá vekur athygli að ekki er minnst sérstaklega á stuðning við foreldra og fjölskyldu barns. Ætla má að oft valdi sértækur vandi barns, sem kallar á annars og eða þriðja stigs þjónustu, álagi og þörf fyrir stuðning. Mjög mikilvægur liður í heilstæðri farsældarþjónustu við barn er að styðja aðstandendur í þeirra umönnunarhlutverkum en mikið skortir á hérlandis að slíkum stuðningi sé sinnt í samræmi við þekkingu á mikilvægi hans. Þá sýna rannsóknir einnig að vandi barns hefur ýmis áhrif á systkini þess. Það er því afar mikilvægt að hér sé bætt við málslið um slíkan stuðning við fjölskyldu barnsins.

Í 22. grein um stuðningsteymi og stuðningsáætlun er ekki minnst á samstarf við foreldra sem er í nokkru ósamræmi við greinargerð þar sem segir „Við samþættingu ber að stefna að því að þjónustuveitendur, foreldrar og börn, eftir atvikum, móti í sameiningu markmið, úrræði og mat á árangri.“ (e liður um Meginefni frumvarpsins). Hér þyrfti hnykkja mikilvægi þess að stuðningsáætlun sé unnin í samvinnu við foreldra og barn, og kveða t.d. á um samráðsfundi stuðningsteymis með foreldrum og hvernig haga beri samráði við þá um gerð stuðningsáætlunar auk stuðnings við fjölskyldu til að stuðla að farsæld barns. Þá væri einnig vel til fallið að kveða á um rétt foreldra barna með langvinnar stuðningsþarfir til félagsráðgjafar þar sem slík staða hefur að jafnaði áhrif á afkomu, aðstæður, samskipti, heilsu fjölskyldna viðkomandi barna, sbr. ábendingur í upphafi um mikilvægi þess að lögleiða rétt barna til stuðnings og ráðgjafar.

Undirritaðar veita fúslega nánari upplýsingar ef óskað er.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafardeildar HÍ

Sigrún Júlíusdóttir prófessor emeritus  
Guðný Björk Eydal prófessor